



Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í apríl 2013.
Nær til starfsemi í mars 2013



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	6.485.313.635	6.730.581.300	-245.267.665	96
Gjöld án fjármagnsliða	5.208.199.260	5.527.438.468	-319.239.208	94
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	1.182.682.537	1.222.158.048	-39.475.511	97
Leikskólar	702.046.666	686.583.884	15.462.782	102
Félagsþjónustan	399.256.927	381.725.935	17.530.992	105
Menningarmál	95.456.563	95.241.232	215.331	100
Æskulýðs- og íþróttamál	437.490.904	524.341.616	-86.850.712	83
Sameiginlegur kostnaður	186.596.414	201.332.272	-14.735.858	93

Fréttir


Kópavogsbær veitti í mars 25 einstaklingum, hópum og samtökum styrki úr lista- og menningarsjóði fyrir samtals tæplega tíu milljónir króna. Styrkirnir renna til margvíslegra verkefna sem ætlað er að auðga lista- og menningarlífið í bænum. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri og Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs, afhentu styrkina við hátíðlega athöfn í Gerðarsafni, listasafni Kópavogs.




Á sama degi fór fram stofnfundur Kópavogsfélagsins í bæjarstjórnarsalnum en það er félag áhugafólks um endurreisn Hressingarhælisins og Kópavogsbæjarins. Kópavogsbær tilnefndi þrjá fulltrúa í stjórn. Félaginu er m.a. ætlað að gera tillögur til bæjarráðs um hvaða starfsemi eigi að vera í húsunum tveimur.

Greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar um brú yfir Fossvog var kynnt í mánuðinum en þar er mælt með því að brúin verði byggð frá vesturhluta Kársness til móts við flugbrautarenda Reykjavíkflugvallar. Talið er að brúin verði mikil samgöngubót. Nú stendur yfir vinna við gerð aðalskipulags í Kópavogi og Reykjavík og verður þessi hugmynd lögð inn í þá vinnu, en ekki er gert ráð fyrir brú á þessum stað í eldra aðalskipulagi.

Bókasafn Kópavogs fagnaði 60 ára afmæli sínu í mánuðinum og af því tilefni var boðið upp á fjölbreytta afmælis dagskrá í safninu. Fjöldmargir lögðu leið sína á safnið og nutu hátíðarhaldanna.


Rekstur helstu málaflokka






Velferðarmál


Fjárhagsaðstoð




Húsaleigubætur









Fjöldi barnaverndartilkynninga









Félagslegar leiguíbúðir










Ýmsar mælingar



Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.